

MENNING

are
women
human? And Other
International DialoguesEin tilnefndra Are Women Human?
And Other International Dialogues.Leitað að
furðulegasta
bókatitlinumGrænir nasistar og
ostavandamál

ÞEIR sem orðnir eru þreyttir á því að sjá sömu bækur tilnefndar til ýmissa bókmennatavörlauna í Bretlandi hljóta að gleðjast yfir Diagramverðlauninum þar sem þá titla er hvergi að finna. Verðlaun þessi eru



Pyntaður af ástardrottningu

veitt fyrir furðulegasta bókatitlinum og eru ex titlar komnir á stuttan lista, hver öðrum furðulegri: *I Was Tortured By the Pygmy Love Queen* (Eg var pyntaður af ástardrottningu dverganna), *How to Write a Book* (Hvernig skrifa á bók um hvernig eigi að skrifa bók), *Are Women Human? And Other International Dialogues* (Eru konur mennskar? og önnur alþjóðleg umræðuefni), *Cheese Problems Solved* (Ostavandamál leyst), *If You Want Closure in Your Relationship, Start With Your Legs* (Ef þú vilt ná sáttum í ástarsambandinu beindu þá fyrst athyglinni að fótleggjunum) og loks *People who Mattered in Southend and Beyond: From King Canute to Dr. Feelgood* (Málmetandi fólk í Southend og víðar: Frá Knúti konungi til dr. Velliðanda).

Bókin *How Green Were the Nazis?* komst ekki á stutta listann (Hversu umhverfissinnadír voru nasistar?) og ekki heldur *D. Di Mascio's Delicious Ice Cream: D. Di Mascio of Coventry: An Ice Cream Company of Repute, with an Interesting and Varied Fleet of Ice Cream Vans* (Gómsætur rjómaís D. Di Mascio: D. Di Mascio frá Coventry: Rómuð ísgerð með fjölbreyttan flota rjómaísflutningabíla). Á síðunni www.thebookseller.com er hægt að greiða atkvæði um versta titilinn og verða úrslikt kunngjörð 13. apríl næstkomandi.

Leikkonan Bo-
dil Udsen látin

DANSKA leikkonan Bodil Udsen er látin, 83 ára að aldri. Udsen var ein af þekktustu og ástærstu leikkonum Danmerkur, lék bæði á sviði og í kvikmyndum á ferlinum.

Udsen var á ferlinum líkt við eldfjall, tilfinningahitinn var slíkur í leik hennar og lífi en kímigáfan þó aldrei fjarri.

Udsen er einna þekktust fyrir túlkun sína á Emmu í Rottuholunni í sjónvarpsþáttunum *Huset på Christianshavn*, eða Húsið við Kristjánshöfn. Þá lék hún einnig í nokkrum Matador-þáttum og miklu fjölda kvikmynda allt frá árinu 1955 til 2008. Má þar nefna *Barbøru* og *Den korte sommer*.



Danska leikkonan Bodil Udsen

Málstofa

Bókmennat kynning
á alþjóðavísu

Í DAG verður haldin málstofa á Grand Hótel um útflutning réttinda og bókmennat kynningu á alþjóðavísu, í samvinnu við Bókmennatásjód. Málstofan hefst kl. 9.30 og lýkur kl. 12. Gina Winje, stjórnandi bókmennatásjós Norðmanna, verður þar í miðpunkti en hún hefur náð miklum árangri í að vekja athygli á norskum bókmennum.

Njörður Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Bókmennatásjós, mun kynna Ginu, starfsemi sjóðsins og svara spurningum. Bókmennatásjói er ætlað að styrkja og styðja við íslenskar bókmennir.



Grand Hotel í Reykjavík

Tónleikar

Slóvakískir tónar í
Norraena húsinu

PETER Máté leikur á Háskólatónleikum í Norraena húsinu í dag píanóverk eftir John A. Speight, „Sonata per pianoforte“ og „Horalská suite“ eftir Eugen Suchoo. Verk Suchoo spretta úr Þjóðlagabrunni Slóvakíu, en Máté fæddist þar í landi, þ.e. í þá tíð er það var hluti af Tékkóslóvakíu.

Peter Máté hóf ungur píanónám og hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1990. Tónleikarnir hefjast kl. 12.30, aðgangseyrir er kr. 1000, kr. 500 fyrir eldri borgara og öryrkja en ókeypis fyrir nemendur Háskóla Íslands.



Peter Maté

Tónleikar

Cheesy Monitor
með Tómasi R.

Í KVÖLD verður haldið s.k. Cheesy Monitor kvöld á Café Oliver, og hefst fjórð kl. 21.30.

Tómas R. Einarsson bassaleikari ætlar að skemma mönnum með tónlistarflutningi en hann hefur verið iðinn við plötuútgáfu og tónleikahald undanfarin ár.

Tómas R. ætlar í kvöld að mæta með vel völdum djössurum og spila lög af plötum sínum, m.a. *Romm Tomm Tomm* og *Romm-Tomm Tecno*, endurhljóðblandaðri rafútgáfu þeirrar fyrrnefndu. Aðgangur er ókeypis og tilboð á völdum veigum.



Tómas R. Einarsson

Dagskrá Listahátíðar í Reykjavík var kynnt í Hafnarhúsinu í gær

Myndlist í forgrunni

Stærri og fjölbreyttari hátíð

Eftir Gunnhildi Finnsdóttur
gunnhildur@mbli.is

MYNDLISTIN verður höfð í fyrirrími á Listahátíð í Reykjavík í ár, líkt og fyrir tveimur árum. „Við verðum að sjálfsgöðu með aðra viðburði, en myndlistin er algjörlega í forgrunni,“ sagði Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, þegar dagskráin var kynnt í gær. Ólíkt því sem var árið 2005 vinna nú margir sýningarstjórar við hátíðina, þar af átta íslenskir.

Þórunn segir minni miðstýringu skila betri árangri. „Það má segja að við tökum stórt stökk og förum út í það að hafa hátíðina mjög stóra og fjölbreytta.“

Listahátíðin stoppar ekki við borgarmörkin, heldur teygjast angar hennar um allt land. Myndlistarsýningar verða haldnar á nokkrum stöðum á Austurlandi, í Eyjafirði, á Reykjanesi og Suðurlandi. Hátíðin sjálf stendur yfir frá 15. maí til 5. júní, en sýningarnar standa margar út sumarið.

Það sem ber hæst á þessu sinni er samvinnuverkefni Listasafns Reykjavíkur og Serpentine-gallerísin í London sem ber heitið *Tilraunamararönn*. Þar standa sýningarstjórnir Hans Ulrich Obrist og myndlistamaðurinn Ólafur Elíasson fyrir viðamiklum listviðburði þar sem listir og vísindi fléttast saman. Tilraunamararönn er tvíþætt, annars vegar verður listamönnum, arkitektum, vísindamönnum og kvikmyndagerðarmönnum stefnt saman í röð tilrauna sem standa yfir alla dagana sem opið er og hinsvegar verður haldin sýning á innsætingum í Hafnarhúsinu sem verður uppi



Atlantis á Reykjavíkurtjörn

Í Reykjavíkurtjörn verður komið fyrir húsi sem marar í hálfu kafi. Inni í því verða ljós og þaðan berst skvaldur og háreisti. Þetta verk

þeirra Halldórs Úlfarssonar og Tea Mäkipää ber nafnið Atlantis og verður eflaust með þeim verkum sem flestir sjá á næstu Listahátíð.

stærstan part sumarsins. Meðal listamanna sem taka þátt í tilraunastarfsemi í Hafnarhúsinu eru Marina Abramovic, Brian Eno, Gustav Metzger og Matthew Richie.

Ægifegurð á Kjarvalsstöðum

Kjarvalsstaðið og Listasafn Íslands hýsa stærstu myndlistarsýningarnar í ár að Tilraunamararönnu undanskildu.

Draumar um ægifegurð í íslenskrí samtímalist verður á Kjarvalsstöðum en þar kannar sýningarstjórnirinn Æsa Sigurjónsdóttir nýj-

ar hugmyndir listamanna um landið og náttúruna. Margir af fremstu myndlistarmönnum landsins eiga þar verk og má þar nefna Hrein Friðfinnsson og Gjörningaklúbbinn. Við Kjarvalsstaði verður líka til sýnis útverk eftir landslagsarkitektinn og listamanninn Mörthu Schwarz.

Í Listasafni Íslands verður sýningin *List mót byggingarlist* þar sem fjallað verður um tengsl þessara tveggja listgreina, meðal annars í safnaumhverfinu. Þau Finnbogi Pétursson, Monica Bonvicini, Elín

Hansdóttir og Steina Vasulka eru meðal þeirra sem eiga þar verk

Að auki má nefna ljósmyndasýninguna *Endurkast – íslensk samtímaljósmyndun* í Þjóðminjasafninu þar sem stofnfélagar í nýju félagi um listræna ljósmyndun verða með samsýningu.

Í tengslum við hátíðina verða sett upp listaverk utan dyra á fjölförnum stöðum í borginni. Húsið sem Tea Mäkipää og Halldór Úlfarsson ætla að sökkva í Tjörnina mun áreiðanlega vekja eftirtekt og sömuleiðis verkið „Dialogue“ þar sem Anna Leoniak og Fiann Paul klæða veggina sem umlykja brunarústirnar á horni Austurstrætis og Lækjargötu með andlitsmyndum af íslenskum börnum.

Ofuramma frá Afríku

Þekktustu erlendu tónlistarmennirnir sem taka þátt í Listahátíð þetta sumarið eru saxófónleikarinn og djassstinn Wayne Shorter og kvartett hans, messósópransöngkonan Denyce Graves og hljómsveitin Super Mama Djombo frá Gíneu Bissá, en sú sveit tók upp plötu hér á landi fyrr í vetur.

Af íslenskum flytjendum má nefna strengjasveitina Amiinu sem flytur nýja tónlist og nýjar útgáfur af eldri lögum á tónleikum. Liðskonur fá fleiri íslenska tónlistarmenn til liðs við sig, m.a. þá Orra Pál Dýrason og Kjartan Sveinsson úr Sigur Rós.

Á hverri listahátíð hefur eitthvað verið í boði fyrir yngstu listunendurna og í ár er það meðal annars *Smaragðsdýpið*, barnasýning frá Berlín sem Skólatónleikar á Íslandi standa fyrir. Þar er ferðum sjávarskjalbökum um undirdjúpin lýst með tónlist og brúðuleikhúsi.

Tæmandi dagskrá og frekari upplýsingar um viðburði má finna á vefsíðu hátíðarinnar, www.listahatid.is.

Myndlistin
dýrust listgreina

FYRIRSEÐ er að hátíðin í ár verði talsvert kostnaðarsamari en vanalega þar sem megináherslan er á myndlist. Ársvelta Listahátíðar er um 120 milljónir og sértekkur nema innan við helming af þeirri upphæð í ár, en í fyrra náðist að fjármagna hátíðina að rúmlega hálfu leyti með sölu á aðgangsmiðum og styrkjum frá einkaaðilum. „Við seljum enga miða á myndlistarsýningar og þar fyrir utan er orðið ókeypis inn á söfnin. Við erum því ekki að taka inn neinar tekjur af sýningunum eins og við höfum gert af tónleikum. Þetta er allt annað fjár-

hagsupplegg en í hefðbundinni hátíð,“ segir Þórunn Sigurðardóttir listrænn stjórnandi hátíðarinnar.

Þórunn segir að ágætlega hafi gengið að fjármagna hátíðina, en það hafi einnig áhrif á öflun styrkja að byggja dagskrána að mestu upp á myndlist. „Það hefur gengið prýðilega að láta þetta smella saman, en það segir sig sjálf að það er ekki jafn auðvelt að selja myndlistarvirkni og tónleika.“

Fjármögnun hátíðarinnar er þó fulltryggt að sögn Þórunnar. „Já, að sjálfsgöðu. Við förum ekki út í hátíð án þess að eiga fyrir henni.“



Árvakur/Kristinn Ingvarsson

Myndlist Listrænn stjórnandi Listahátíðar, Þórunn Sigurðardóttir, á blaðamannafundi í gær þar sem hún kynnti dagskrá hátíðarinnar.

En myndlistin er hveirrar krónu virði að mati Þórunnar. „Mér finnst það ofsalega gaman að geta aftur beint sjónum að

myndlistinni, það er mjög mikil þörf á því. Það er mikið af hátíðum á ýmsum sviðum, en myndlistin þarf að fá sér athygli.“